

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 13. júní 2016  
UST201606-068/B.S.  
08.14.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Brennsluofn - Sláturfélag Suðurlands. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram að hér sé um nýjan búnað að ræða sem brennir áhættuvefjum við háan hita í samræmi við kröfur sem gerðar eru í Evrópu.


Fram kemur að áhættuvefir sem þarf að brenna eru árlega um 220 tonn að viðbættum dýrum sem ekki eru talin hæf til manneldis, en magn slíkra dýra hefur til þessa ekki farið yfir 40 tonn árlega.


Talið er að heildarmagn í áhættuflokki 1 og 2 verði því um 260 tonn. Gert er ráð fyrir að brenna tvisvar til þrisvar í viku allt að þremur tonnum í hvert sinn.

Umhverfisstofnun telur að hér sé verið að nýta búnað til brennslu á áhættuvefjum við háan hita eins og til er ætlast af þessum búnaði. Brennt verður með þeim hætti að mengun frá búnaðinum eigi að vera í samræmi við fullyrðingar framleiðanda um útblástur.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri